

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. marz 2019.

### **Efni: Drög að frumvarpi til laga sem stemma á stigu við kennitölufлакki**

Félag atvinnurekenda vísar til draga að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, með síðari breytingum, og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, með síðari breytingum (misnotkun á félagiformi, hæfisskilyrði), sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 22. marz síðastliðinn.

Tilgangur frumvarpsins er að stemma stigu við misnotkun á hlutafélagiforminu, aðallega svokölluðu kennitölufлакki. Það skal gert með þrennum hætti samkvæmt frumvarpinu; í fyrsta lagi með breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur, þannig að hert verði á hæfisskilyrðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra slíkra félaga og stofnana, sem og útibússtjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga. Einnig er lagt til að sambærileg skilyrði og gilda um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga gildi einnig um þá sem fengið hafa prókúruumboð í slíkum félögum og stofnunum. Í öðru lagi með því að heimild ráðherra samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, til að krefjast skipta á búi slíkra félaga, verði færð til hlutafélagaskrár. Í þriðja lagi með því að hægt verði að úrskurða einstaklinga í atvinnurekstrarbann í allt að þrjú ár með dómi hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem varða við 262. gr. almennra hegningarlaga. Má þetta teljast veigamesta tillaga frumvarpsdraganna.

FA lýsir yfir stuðningi við markmið draganna, enda er kennitöluflack alvarleg meinsemd í íslenzku atvinnulífi. FA telur þá leið, sem hér er lögð til í því skyni að sporna gegn misnotkun hlutafélagiformsins skynsamlegri og síður íþyngjandi en tillögur fyrri frumvarpa, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, um að stofnendur eða fyrirsvarsmenn félaga megi ekki hafa verið í forsvari fyrir félög sem orðið hafi gjaldþrota. FA hefur talið að sú leið takmarki rétt manna til að stofna félög, sitja í stjórnnum eða gegna starfi framkvæmdastjóra með of almennum hætti.

Tillögur frumvarpsdraganna eru hæfilega sértækar og stuðla að því að bann við stofnun félags, að sitja í stjórn þess eða hafa framkvæmdastjórn með höndum, nái ekki til annarra en þeirra sem hafa hlotið dóm vegna meiriháttar brots á lögum um tekjuskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald, bókhald, ársreikninga og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

FA hvetur því til þess að málið verði lagt fram sem frumvarp á Alþingi. Félagið er jafnframt sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsdraganna að gera þurfi í framhaldi breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti.

Þar sem markmiðið um að sporna gegn kennitölflakki er hér til umræðu, vill FA enn og aftur vekja athygli stjórnarráðsins á nauðsyn þess að gera breytingu á 36. grein laga um samningsveð nr. 75/1997, en ákvæðið kemur í veg fyrir að fyrirtæki geti stofnað söluveð í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Þetta er brýnt hagsmunamál innflytjenda og heildsala, sem verða oft fyrir verulegu tjóni við gjaldþrot fyrirtækja vegna þess að eignarhald þeirra á vörum, sem hafa verið afhentar en ekki greiddar, er ekki tryggt. Tjón fyrirtækjanna er iðulega hlutfallslega mikið samanborðið við tjón stærri kröfuhafa og kann að hafa áhrif á fjöldann allan af smærri fyrirtækjum með tilheyrandi samfélagslegu tjóni. Í baráttunni gegn kennitölflakki er brýn þörf á að taka á þessu máli.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen,  
Framkvæmdastjóri FA